

Sþ.

522. Nefndarálit

[55. mál]

um till. til þál. um þjóðaratkvæði um innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. (PO, LJós, SÁÓ, ÁS, HelgJ, HÁ) vill láta samþykkja till. óbreytta og hefur gefið út sérstakt nál. Á þetta gat minni hl. ekki fallizt. Þjóðaratkvæðagreiðsla ein út af fyrir sig, hvernig sem hún færi, gæti á engan hátt leyst þetta vandamál, enda líklegt, að nú þegar sé nægilegur meiri hluti fyrir því á Alþingi að stöðva að öllu eða mestu leyti áfengissölu og innflutning á áfengi, ef samkomulag fengist jafnframt um öflun þeirra tekna, sem ríkissjóður missti við slíka ráðstöfun. Liggur því beinast við að ná fyrst samkomulagi um slíkan tekjustofn, enda eðlilegt, að tillaga kæmi fyrst fram um það, á hvern hátt annan teknanna skyldi aflað, og ef ekki næðist um það samkomulag, þá á að láta þjóðina fyrst greiða atkvæði um það atriði, þar sem það er grundvallar-skilyrði fyrir sölubanni, að ríkissjóði séu samtímis tryggðar tekjur á borð við þær, sem missast við vínsölubann. Eins og stendur er það algerlega á valdi ríkisstjórnarinnar að draga úr áfengissölu og innflutningi áfengra drykkja, enda hefur hún, hvenær sem henni hefur þótt ástæða til, lokað fyrirvaralaust vínsölu á einstökum stöðum eða öllu landinu. Með tilvísun til þessa leggur minni hl. til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Einn nefndarmanna (IngJ) tók enga afstöðu til málsins, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar.

Alþingi, 3. apríl 1949.

Gísl Jónsson, Sigurður Kristjánsson.
form., frsm.